

## 9. Fundur Menningar- og æskulýðsnefnd Árnes, 18. nóvember 2023

### Mætt til fundar:

Hrönn Jónsdóttir, Ástráður Unnar Sigurðsson og Sára A. Herczeg  
Fundargerð ritaði Hrönn

1. Fjárhagsáætlun: Svo lengi sem nefndinni er frjálst að nýta fjármagn úr „báðum Hátíðum“ sveitarfélagsins (Upp í Sveit og 17. júní) í hvora sem er, óskar nefndin eftir sambærilegri upphæð og áætlun var í fyrra.
2. Sveitahátíðin árið 2024 verður haldin dagana 14. – 17. júní, stefnt verður að handverksmarkaði á laugardegi eins og oft hefur verið og almennt hefðbundinni dagskrá.
3. Nefndin hefur áhuga á að bæta við dagskrána íþróttakeppni, svokallaða þríþraut sem inniheldur hlaup, hjólreiðar og sund og þyrfti þá að kaupa stuðning t.d. björgunarsveitarinnar. Gróf kostnaðaráætlun fyrir slíkann viðburð væri um 250.000 kr.
4. Nefndin stefnir að því að halda Vetrarnáttahátíð í október 2024. Markmið hátíðarinnar er að halda uppá myrkasta skammdegið.
5. Nefndin stefnir að því að gera jóladagatal með svipuðu sniði og í fyrra.
6. Nefndin stefnir á að halda uppá Nýtniviku með því að vera með opið kaffihúsvöld. Þar verður boðið upp á skiptimarkað fyrir púsluspil, flóamarkað, kynningar verslana sem selja úr endurnýttu ofl. Í þeim dúr. Jafnvel er stefnt að því að halda fleiri slík kvöld yfir veturinn til að vekja athygli á hringrásarhagkerfinu, endurnýtingu og nýtni.

Fleira ekki rætt  
Fundu slitið kl.19.30

# Undirritunarsíða

Ástráður Unnar Sigurðsson

Hrönn Jónsdóttir

Sára Annamária Herczeg